

Elías Davíðsson
Hörpugata 14
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. júlí 2004

Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
101 Reykjavík

Hér með fer undirritaður þess á leit við embætti ríkissaksóknara að það hefji rannsókn á meintri hlutdeild Davíðs Oddssonar, forsætisráðherra, og Halldórs Ásgrímssonar, utanríkisráðherra, hér á eftir nefndir hinir kærðu, að stríðsglæpum, þ.m.t. að heimild til að svipta blaðamenn lífi.

Helstu málsatvik

Þann 23. apríl 1999 sátu hinir kærðu leiðtogafundi NATO í höfuðborg Bandaríkjanna, Washington, D.C. fyrir Íslands hönd (fskj. 1). Á þessum fundi voru teknar ýmsar ákvarðanir varðandi hernað NATO gegn fyrrverandi Júgóslavíu. Þar var m.a. ákveðið að útvíkka loftárásir NATO til nýrra flokka skotmarka, þ.m.t. til “fjölmiðla” (fskj. 2). Ákvörðunin um að heimila loftárásir á fjölmiðla í Serbíu var gerð í kjölfar umræðna á vettvangi NATO um leiðir til að þagga niður í “stríðs- og hatursáróðri” serbneskra fjölmiðla (sjá fskj. 3a, 3b og 3c). Nokkrum klukkustundum áður en ákvörðunin var tekin á leiðtogafundinum, nánar tiltekið kl. 02:20 að staðartíma, réðust árásarflugvélar NATO með ásettu ráði á sjónvarpsstöðina RTS í miðbæ Belgrad með þeim afleiðingum að 16 starfsmenn létu lífið (sjá fskj. 4a og 4b). Um 100 manns unnu í byggingunni þegar árásin var gerð.

Fjölmiðlar um heim allan greindu frá helstu málsatvikum, þ.m.t. frá árásinni á sjónvarpsstöðina í Belgrad og frá afleiðingum árásarinnar en ekki var greint frá ákvörðun leiðtogafundar NATO að heimila árásir á fjölmiðla. Sú vitneskja kom fyrst í ljós við skýrslugerð varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, William S. Cohen og yfirmanns bandaríska heraflans, Henry H. Shelton fyrir hernefnd bandaríska þingsins þann 14. október 1999 (fskj. 2).

Lagaleg greinargerð

A. Bann við árásum á óbreytta borgara og borgaraleg mannvirki

1. Grein 23 í viðhengi (Annex) við Haagsáttmálann IV frá 1907 sem telst hluti af alþjóðlegum venjurétti hljóðar svo:

In addition to the prohibitions provided by special Conventions, it is especially forbidden –

[...]To destroy [...] the enemy's property, unless such destruction or seizure be imperatively demanded by the necessities of war;

2. Grein 25 í sama viðhengi við Haagsáttmálann hljóðar svo:

The attack or bombardment, by whatever means, of towns, villages, dwellings, or buildings which are undefended is prohibited.

3. Fyrsti viðauki (1977) við Genfarsamningana, en Ísland er aðili að samningunum sem og að viðaukunum, inniheldur skýrar reglur sem banna árásir á óbreytta borgara og borgaraleg mannvirki.

Art. 48 (Basic Rule)

In order to ensure respect for and protection of the civilian population and civilian objects, the Parties to the conflict shall at all times distinguish between the civilian population and combatants and between civilian objects and military objectives and accordingly shall direct their operations only against military objectives.

Art. 50 (Definition of civilians and civilian population)

1. A civilian is any person who does not belong to one of the categories of persons referred to in Article 4 A (1); (2), (3) and (6) of the Third Convention and in Article 43 of this Protocol. In case of doubt whether a person is a civilian, that person shall be considered as a civilian.

2. The civilian population comprises all persons who are civilians.

Art. 51 (Protection of the civilian population)

1. The civilian population and individual civilians shall enjoy general protection against dangers arising from military operations. To give effect to this protection, the following rules, which are additional to other applicable rules of international law, shall be observed in all circumstances.

2. The civilian population as such, as well as individual civilians, shall not be the object of attack. Acts or threats of violence the primary purpose is to spread terror among the civilian population are prohibited.

Art. 52 (General protection of civilian objects)

1. Civilian objects shall not be the object of attack or of reprisals. Civilian objects are all objects which are not military objects as defined in paragraph 2.

2. Attacks shall be limited strictly to military objectives. In so far as objects are concerned, military objectives are limited to those objects which by their nature, location, purpose or use make an effective contribution to military action and whose total or partial destruction, capture or neutralization, in the circumstances ruling at the time, offers a definite military advantage.

4. Þau verk sem skilgreind eru stríðsglæpir eru talin upp í 85. grein viðbótarbókunarinnar I:

Article 85 - Repression of breaches of this Protocol

[...]

3. In addition to the grave breaches defined in Article 11, the following acts shall be regarded as grave breaches of this Protocol, when committed wilfully, in violation

of the relevant provisions of this Protocol, and causing death or serious injury to body or health (a) making the civilian population or individual civilians the object of attack;

[...]

5. *Without prejudice to the application of the Conventions and of this Protocol, grave breaches of these instruments shall be regarded as war crimes.*

5. Skyldur aðildarríkja að fyrirbyggja öll brot og refsa hinum seku vegna alvarlegra brota (stríðsglæpa) eru talin í 86. gr. viðbótarbókunarinnar I:

Art 86. Failure to act

1. The High Contracting Parties and the Parties to the conflict shall repress grave breaches, and take measures necessary to suppress all other breaches, of the Conventions or of this Protocol which result from a failure to act when under a duty to do so.

2. The fact that a breach of the Conventions or of this Protocol was committed by a subordinate does not absolve his superiors from penal disciplinary responsibility, as the case may be, if they knew, or had information which should have enabled them to conclude in the circumstances at the time, that he was committing or was going to commit such a breach and if they did not take all feasible measures within their power to prevent or repress the breach.

B. Fjölmiðlar eru ekki lögmæt skotmörk í stríði

1. Meginregla alþjóðamannúðaréttar er að árásir á óbreytta borgara og á borgaraleg mannvirki eru óheimilar. Aðilar að stríðsátökum mega ekki undir neinum kringumstæðum beina árásum af ásettu ráði að óbreyttum borgurum eða að borgaralegum mannvirkjum. Árásum skal aðeins beint að hernaðarlegum skotmörkum.

2. Viðbótarbókun I við Genfarsamningana telur upp hverjir njóta verndar sem óbreyttir borgarar og hverjir teljast tilheyra hernaðaröflum. Þótt samningarnir telji ekki sérstaklega upp allar starfsstéttir, teljast t.d. stríðsfréttaritarar óbreyttir borgarar (sbr grein 50 í Viðbótarbókuninni ásamt grein 4 í þriðja Genfarsamningnum). Sama gegnir að sjálfsögðu um aðra fréttamenn og almenna starfsmenn fjölmiðla, bókaútgáfufyrirtækja, bíóhúsa og annarra upplýsingaveitna.

3. Það er réttur hvers ríkis að setja reglur um fjölmiðlun. Ísland, sem og nokkur önnur ríki, hafa gert fyrirvara við 1. mgr. 20. gr. alþjóðlegs samnings um stjórn mála og borgaraleg réttindi. Sú mgr. hljóðar svo:

“Allur stríðsáróður skal bannaður með lögum”.

Fyrirvari Íslands var gerður með þeim rökstuðningi að slíkt bann myndi brjóta í bága við tjáningarfrelsið (fskj. 9). Íslensk stjórnvöld telja hins vegar réttmætt að banna með lögum birtingu kláms, villandi auglýsingar og kynþáttaáróður. Þeir sem telja stríðsáróður lögmætan geta ekki borið fyrir sig að þeir sem stunda stríðsáróður í öðrum löndum séu réttdræpir.

C. Markmið NATO með loftárásinni á sjónvarpsstöðina í Belgrad var að stöðva útsendingar fjölmiðils

Á blaðamannfundi haldinn í höfuðstöð NATO þann 8. apríl 1999 (sjá fskj. 5, bls. 7) var Air Commodore Wilby spurður hvort hann gæti staðfest að NATO myndi ráðast að útsendingartækjum sjónvarpsstöðva í Serbíu. Hann svaraði:

“Well, Serb radio and TV is an instrument of propaganda and repression. It has filled the airwaves with hate and with lies over the years, and especially now. It is therefore a legitimate target in this Campaign. If President Milosevic would provide equal time for Western news broadcasts in its programmes without censorship three hours a day between noon and 1800 and three hours a day between 1800 and midnight, then his TV could become an acceptable instrument of public information.”

Jamie Shea, talsmaður NATO, bætti við, greinilega smeykur vegna ofangreinds rökstuðnings:

“Let me add, if I may – let me add to that that also many of the TV transmitters are integrated into command-and-control communication nodes for the Yugoslav armed forces. And we have therefore been attacking those military targets, which may have had as a secondary effect also that certain TV transmitters have been damaged or destroyed....And as far as Serb TV opening itself up to pluralism, I can only endorse what David said.”

Daginn eftir, á blaðamannafundi, dró Jamie Shea úr vægi ummæla sinna:

“Whatever our feelings about Serb television, we are not going to target TV transmitters directly.”

Samt réðust flugvélar NATO á höfuðstöðvar serbneska ríkissjónvarpsins RTS án þess að vara þá sem þar voru að störfum. Fáum klukkustundum eftir árásina, þann 23. apríl 1999, hélt NATO blaðamannafund í Washington, D.C. Þar ítrekaði Colonel Konrad Freytag, GEAF, SHAPR að árásin á sjónvarpsstöðina í Belgrad hafði haft það markmið að þagga niður í “áróðursvél” serbneskra yfirvalda:

“Strikes against TV transmitters and broadcast facilities are part of our campaign to dismantle the FRY propaganda machinery which is a vital part of President’s Milosevic’s control mechanism”.

Í grein sem birtist í The Guardian 7. júní 2000 réttlætti Jamie Shea aftur árásina með tilvísun til áróðurshlutverks stöðvarinnar. Hann sagði ekki unnt að líkja sjónvarpsstöðinni í Belgrad við BBC eða CNN:

“It was being used to push out propaganda and to create a climate of hatred in which the persecution of Albanians could be accepted as normal by the greater majority of the Serb population.”

Í þeim dómum sem fallið hafa á alþjóðavettvangi um lögmæti áróðurs, hefur verið gerður greinarmunur milli þess hátternis að stunda stríðsáróður (lögmætt hátterni) og þeirrar iðju að hvetja til stríðsglæpa eða þjófarmorðs (ólögmætt hátterni). Sú iðja að stappa stálið í eigin hersveitir og stunda einhliða áróður í þágu föðurlandsins telst hvorki glæpsamleg né ólögmæt iðja samkvæmt þeim dómum sem fallið hafa í alþjóðlegum réttarhöldum. Á hinn bóginn hafa a.m.k. tveir dómar fallið um áróðursstarfsemi sem hvetur til alþjóðlegra glæpa. Þótt mannúðarlög banni alfarið árásir á fjölmiðla, telja sumir að þetta bann eigi ekki við þegar fjölmiðlar hvetja opinberlega til alþjóðlegra glæpa. Leiðtogar NATO hafa ekki lagt fram neinar sannanir um að serbneskir fjölmiðlar hafi hvatt til stríðsglæpa eða til annarra alþjóðlegra glæpa. Þeir sem dóu í árásinni í Belgrad voru óbreyttir tæknimenn en ekki áróðursmeistarar eða hugmyndafræðingar stjórnvalda. Árásin var gerð af ásettu ráði í þeirri vitund að stöðin starfaði allan sólarhringinn og að almennir starfsmenn myndu láta lífið í árásinni.

Amnesty International lagði fram lagalega greinargerð um meinta stríðsglæpi NATO í fyrrverandi Júgoslavíu. Í þessari greinargerð er komist að þeirri niðurstöðu að árásin á sjónvarpsstöðina í Belgrad hafi verið alvarlegt brot á alþjóðamannúðarrétti (fskj. 6) Talsmaður Amnesty International, Brendan Paddy, áréttaði við The Guardian 7. júní 2000 að með þessari árás hefði verið framið stríðsglæp (Fskj. 7)

D. Meint brot hinna kærðu

Árásarstríð NATO gegn Serbíu var háð í nafni bandalagsins í heild. Ákvörðun um hernaðinn var tekin sameiginlega af aðildarríkjum bandalagsins, þ.m.t. ákvörðun um heimild um loftárásir á fjölmiðla sem tekin var í Washington, D.C., 23. apríl 1999 og getið er að ofan. Ekkert aðildarríki NATO lýsti sig opinberlega mótfallið neinni árás sem framin var í nafni bandalagsins á Serbíu, hvorki á undan eða á eftir. Af þessu leiðir að sérhvert aðildarríki NATO ber hlutdeildarábyrgð á brotum sem kynnu að hafa verið framin af NATO-herjum í nafni bandalagsins (sjá einnig umsögn Amnesty International, fskj. 6 bls. 12).

Meint brot hinna kærðu eru tvíþætt. Annars vegar brot sem tengjast árásinni á sjónvarpsstöðina í Belgrad; hins vegar brot sem tengjast ákvörðun leiðtogafundar NATO um að heimila, almennt og án fyrirvara, loftárásir á fjölmiðla. Verður nú fjallað í sitthvoru lagi um þessi tvö aðskildu brot.

1. Meint brot hinna kærðu vegna árásarinnar á sjónvarpsstöðina í Belgrad

(a) Það er ástæða til að ætla að hinir kærðu, eða a.m.k. annar þeirra, hafi fengið vitneskju um fyrirhugaðar árásir á fjölmiðla í Serbíu. Ætla má að utanríkisráðuneytið hafi fylgst með umræðum innan NATO um áform til að ráðast á fjölmiðla í Serbíu. Á tveimur blaðamannafundum á vegum NATO kom fram að NATO hefði íhugað að ráðast á sjónvarpsstöðvar í Serbíu til að þagga niður í áróðri þeirra. Ekkert liggur fyrir um að hinir kærðu hafi mótmælt þessum áformum eða látið rannsaka lögmæti slíkra árása á óbreytta borgara af eigin frumkvæði.

(b) Takist hinum kærðu að sanna að þeir hafi ekki vitað fyrirfram um fyrirhugaðar árásir á fjölmiðla í Serbíu, var það samt almenn og sértæk skylda þeirra að fordæma þessar árásir eftirá og krefjast lögsóknar gegn þeim aðilum innan NATO sem stóðu fyrir þessari árás í nafni bandalagsins. Sú almenna skylda hvílir á aðila að Genfarsamningunum, sbr. fyrstu grein samninganna að tryggja að aðilar undir þeirra stjórn virði í hvívetna ákvæði samninganna og séu brot framin, að hinum seku verði refsað. Engin vitneskja liggur fyrir um að hinir kærðu hafi fordæmt þessar árásir eftirá né heimtað að þeir sem stóðu að þessari árás verði lögsóttir í samræmi við bindandi ákvæði Genfarsamninganna og fyrstu viðbótarbókunarinnar.

Samkvæmt þeirri meginreglu sem fest er í 28. gr. 2 mgr. sáttmála hins nýstofnaða Alþjóðasakamáladómstóls og telst hluti af hinum alþjóðlega venjurétti, bera yfirmenn - þ.m.t. borgaralegir yfirmenn hersins - refsíabyrgð ef

(a) þeir hafi vitað að undirmenn þeirra hefðu framið brot (stríðsglæpi) eða séu með áform um slík brot, eða hafi með ásettu ráði hunsað upplýsingar sem sterklega benda til þess að slík brot undirmanna sinna hafi verið framin eða séu áformuð;

(b) umrædd brot voru framin á ábyrgð umræddra yfirmanna [það var í þeirra valdi að heimila eða stöðva slíkar árásir].

(c) yfirmenn hafi látið undir höfuð leggjast, að gera allar nauðsynlegar og eðlilegar ráðstafanir sem eru í þeirra valdi til að fyrirbyggja framkvæmd þessara brota eða refsna hinum seku eftirá eða leggja málið fyrir viðeigandi stofnanir til rannsóknar og lögsóknar.

Hafi hinir kærðu hvorki mótmælt fyrirhugaðri árás á sjónvarpsstöðina í Belgrad né krafist eftirá rannsóknar og lögsóknar á hendur þeim sem tóku þátt í árásinni í meintu heimildarleysi, teljast þeir eiga hlutdeild í þessum brotum á grundvelli alþjóðlegs venjuréttar og á grundvelli meginreglna sáttmála hins alþjóðlega sakamáladómstóls.

2. Meint brot vegna hlutdeildar að ákvörðun um að heimila árásir á fjölmiðla í Serbíu

Sú venja hefur gilt frá stofnun NATO að ákvarðanir á leiðtogafundum NATO eru teknar einróma (by consensus) (Fskj. 8, bls. 3). Af þessu leiðir að hinir kærðu eiga skjalfesta hlutdeild í ákvörðun NATO-leiðtoga frá 23. apríl 1999 að heimila almennt loftárásir á fjölmiðla í Serbíu.

Þar sem heimildarákvörðunin er almenns eðlis og tiltekur ekki einstaka fjölmiðla eða form fjölmiðla, felst í henni heimild til árása á hverskyns fjölmiðla í Serbíu, þ.m.t. á prentmiðla, ef svo ber undir. Af þessu leiðir að ákvörðunin hafi fyrst og fremst byggst á viðleitni NATO til að þagga niður í áróðurstækjum stjórnarinnar í Serbíu, eins og reyndar kom fram á blaðamannafundum NATO. Með þessari ákvörðun heimilugu ráðherrar NATO, þ.m.t. hinir kærðu, dráp af ásetningi á óbreyttum borgurum.

Ekki er ljóst hvort ákvörðun leiðtogafundar NATO – sem tekin var aðeins fáum klukkustundum eftir árásina á sjónvarpsstöðina í Belgrad – hafi verið staðfesting á fyrri heimildarákvörðun herforingja; hvort henni var ætlað að blessa árásina eftirá og dreifa ábyrgðinni; eða hvort henni var einvörðungu ætlað að veita herforingjum heimild til frekari árása á fjölmiðla í Serbíu.

Hvernig sem litið er á þessa ákvörðun, þá fólst í henni víðtæk heimild handa hermönnum NATO til að fremja alvarleg brot á ákvæðum mannúðarréttar, heimild til manndrápa af ásetningi, þ.e. heimild til stríðsglæpa.

E. Hafa landslög verið brotin auk brota á alþjóðlegum mannúðarrétti?

Samkvæmt 211. gr. alm. hgl. skal “hver, sem sviptir annan mann lífi...sæta fangelsi ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt”.

Samkvæmt 22. gr. alm. hgl. skal “hver sá maður, sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því, að brot samkvæmt lögum þessum er framið, [...] sæta þeirri refsingu, sem við brotinu er lögð. Ef hlutdeild einhvers þátttakanda í brotinu er smávægileg, eða er í því fólgin að styrkja áform annars manns, sem áður er til orðið, svo og þegar brot er ekki fullframið eða fyrirhuguð þátttaka hefur misheppnast, má dæma hann í vægari refsingu en þá, sem lögmælt er við brotinu.”

Samkvæmt 135. gr. alm. hgl. “ef opinber starfsmaður tekur þátt í embættis- eða sýslunarbroti annars opinbers starfsmanns, sem undir hann er gefinn, eða leitast við að koma honum til að fremja slíkt brot, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.”

Samkvæmt 140. gr. alm. hgl. sæti “ opinber starfsmaður, sem synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gera það, sem honum er boðið á löglegan hátt...sektum eða varðhaldi.”

Ljóst er að hinir kærðu hafi með liðsinni hvatt aðra til að svipta saklausa starfsmenn serbneskra fjölmiðla lífi. Hlutdeild þeirra er saknæm þótt brotið hafi ekki verið fullframið. Ennfremur hafi hinir kærðu af ásettu ráði látið farast fyrir að gera það, sem þeim er boðið á löglegan hátt, það að framfylgja þeirri skyldu Genfarsamninganna, að tryggja að samtök sem Ísland á aðild að (NATO) fremji ekki stríðsglæpi og lögsæki þá sem fremja slíka glæpi.

Þess ber sérstaklega að geta, að hinir kærðu hafi ekki greint Alþingi né íslenskum fjölmiðlum frá aðild sinni að ákvörðun leiðtogafundar NATO um að útvíkka heimild til árása til fjölmiðla. Svo virðist að ráðherrar NATO hafi verið beðnir um að halda ákvörðun sinni leyndri um pólitíska heimild til árása á fjölmiðla, enda birtist hún hvergi í fjölmiðlum. Þótt hún hafi komið fram í skýrslu til bandarískrar þingnefndar síðar meir, þ.e. þann 14. október 1999 (fskj. 2), réð einskær tilviljun því að undirritaður uppgötvaði hana þar. Hafi hinir kærðu greint meðráðherrum sínum frá aðild sinni að ákvörðun um að heimila manndráp á fjölmiðlafólki, bakar vitneskja meðráðherra hinna kærðu þeim sök um yfirhyllingu.

F. Brot Íslendinga á erlendri grund

Hvaða reglur gilda um þau atvik þegar Íslendingar eiga hlutdeild í verknaði gegn borgurum á erlendri grund sem telst saknæmur samkvæmt íslenskum hegningarlögum ?

Samkvæmt 5. gr. alm. hgl. skal refsað eftir íslenskum hegningarlögum

“fyrir verknað, sem íslenskir ríkisborgarar eða menn, búsettir á Íslandi, hafa framið erlendis:

1. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annarra ríkja nær ekki að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum heimaríkis sakbornings
2. Er brot er framið á stað, sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum þess.”

Kært er hér vegna tveggja brota. Annars vegar eru hinir kærðu sakaðir um að hafa af ásettu ráði látið það ógert að krefjast rannsóknar og lögsóknar á þeim aðilum innan NATO, sem í nafni bandalagsins frömdu manndráp af ásettu ráði með sprengjuárás á sjónvarpsstöðina í Belgrad og valdið dauða 16 saklausra manna. Með vanefndum sínum hafa hinir kærðu gerst brotlegir við 140. gr. alm. hgl. og brugðist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands að mannúðarsamningum, eins og greint er frá að ofan. Hafi hinir kærðu vitað fyrirfram um fyrirhugaða árás á sjónvarpsstöðina í Belgrad og látið undir höfuð leggjast að koma í veg fyrir hana, teljast þeir einnig sekir um hlutdeild að manndrápum sbr. 22. gr. alm. hgl.

Í öðru lagi er kært vegna hlutdeildar hinna kærðu í ákvörðun um að heimila manndráp af ásettu ráði á starfsfólki serbneskra fjölmiðla, sem njóta verndar alþjóðamannúðarréttar og alþjóðlegs venjuréttar sem óbreyttir borgarar, auk þess sem manndráp eru refsiverð samkvæmt íslenskum lögum. Með hlutdeild sinni að ákvörðun NATO-leiðtoga frá 23. apríl 1999, gerðust hinir kærðu brotlegir við 135. gr. alm. hgl. og 22. gr. alm. hgl. Ráðherrar NATO-ríkja, hver fyrir sig og til samans, bera ábyrgð á meintum brotum NATO-herja sem unnin eru samkvæmt heimildum eða skipunum ráðherra.

Engin ákvæði í íslenskum lögum veita opinberum aðilum undanþágu frá ofangreindum ákvæðum almennra hegningarlaga. Það rúmast ekki innan lögmætra embættisverka íslenskra ráðherra að heimila manndráp á óbreyttum borgurum eða stríðsglæpi. Aðild

að alþjóðlegum samtökum á borð við NATO firrir ekki ráðherra frá þeirri ábyrgð að meta í hvert skipti lögmati aðgerða sem unnar eru á vegum bandalagsins í heild.

Áskorun til embættis ríkisaksóknara

Með þessu erindi leitar undirritaður eftir yðar liðsinni í viðleitni embættisins til að tryggja virðingu fyrir íslenskum lögum og fyrir alþjóðlegum skuldbindingum Íslands að mannúðarrétti. Það er óásættanlegt að búa yfir þeirri vitneskju að ráðherrar hafi mælt með, hylmt yfir eða heimilað manndráp á saklausum borgurum á erlendri grund, án þess að þeir verði sóttir til saka. Enn verra væri ef íslensk dómsyfirvöld tækju að sér að réttlæta slíkan verknað eða koma í veg fyrir réttarfarslega meðferð slíks verknaðar með vísun til þess að Alþingi hafi ekki enn sett lög sem banna aðild Íslendinga að stríðsglæpum. Málið verði því að rannsaka til hlítar af embætti yðar og að þjóðin fái að fylgjast með að það hljóti óhlutdræga fullnaðarmedferð.

Undirritaður óskar eftir staðfestingu á móttöku bréfsins með fylgiskjölunum og að hann verði látinn fylgjast með framvindu málsins.

Virðingarfyllst,

Elías Davíðsson

Fylgiskjöl

- 1 Fréttatilkynning frá utanríkisráðuneytinu, 23. apríl 1999 um þátttöku Davíðs Oddssonar, forsætisráðherra og Halldórs Ásgrímssonar, utanríkisráðherra, á leiðtogafundi NATO í Washington, D.C. í Bandaríkjunum.
(see also <http://brunnur.stjr.is/interpro/utanr/utanrad.nsf/pages/wpp1794>) [last visited 9. July 2004]
- 2 Joint Statement on the Kosovo After Action Review by Secretary of Defense William S. Cohen and Gen. Henry H. Shelton, Chairman of the Joint Chiefs of Staff, before the Senate Armed Services Committee, October 14, 1999. (see full text at: http://www.defenselink.mil/releases/1999/b10141999_bt478-99.html) [last visited 9. July 2004]
- 3(a) Charles Glass, "When it's OK to kill a hack", in The Spectator (UK), 5 February 2000 (p. 1-2)
- 3(b) Patrick Goodenough, "Serb TV a Fair Target for NATO Bombs ?" CNS, 30. April 1999
- 3(c) Australian Associated Press, "Censorship, Nato Style", April 9, 1999
- 4(a) BBC News, NATO Challenged Over Belgrade Bombing, 24 October 2001
- 4(b) List of victims of NATO attack on RTS Television, Belgrade on 23. April 1999
- 5 Transcript of Press Conference [NATO] 8 April 1999 by NATO Spokesman Jamie Shea. (See full text: http://www.pbs.org/newshour/bb/europe/jan-june99/nato_4-8.html) [last visited 9. July 2004]
- 6 Report by Amnesty International, June 2000: NATO/FRY "Collateral Damage or Unlawful Killings? Violations of the Laws of War by NATO during Operation Allied Force" [excerpts] (see full text at: http://www.amnesty.org/ailib/intcam/kosovo/docs/nato_all.pdf) [last visited 9.7.2004]
- 7 The Guardian (UK) website special report, "Amnesty Accuses NATO of War Crimes", 7 June 2000 (see also <http://groups.yahoo.com/group/decani/message/30069>) [last visited 9. July 2004]
- 8 NATO consensus rule. Interview by U.S. Secretary of State Colin L. Powell with Reporters from the Seven New NATO Member Nations, 1. April, 2004 (see full text at <http://www.state.gov/secretary/rm/31040.htm>) [last visited 9. July 2004]

- 9 Reservation by Iceland to the International Covenant on Civil and Political Rights, New York, 1987, (see also http://legal.unhcr.org/MECHANISMS/Universal/Treaty%20Bodies/HR%20Committee/Basic%20Reference%20Documents/reser_icpr.htm) [last visited 9. July 2004]